

6. fundur Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps.

Haldinn í Tjarnarlundi 25.apríl 2018, kl 13:00.

Mætt: Jóna V. Kristjánsdóttir, Prúður Kristjánsdóttir, fulltrúar FEBDOR. Vilberg Þráinsson og Ágúst M. Gröndal, fulltrúar Reykhólahrepps, Ingveldur Guðmundsdóttir og Eyþór Jón Gíslason fulltrúar Dalabyggðar og María Játvarðardóttir félagsmálastjóri Reykhólahrepps. Félagsmálafulltrúi Dalabyggðar og Sandra Rún Björnsdóttir boða forföll.

Formaður Jóna V Kristjánsdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan rifjaði hún upp í stórum dráttum fundargerð síðasta fundar og fór yfir hvernig fundarefni síðasta fundar stæði nú. Félagsmálafulltrúi Dalabyggðar er í fæðingarorlofi og ekki búið að skipa í hennar stað. Eyþór upplýsti að það stæði til að gera það. Þá var rætt um erindi til sveitarstjórna sem sent var um að hækka viðmið til lækkunar fasteignagjalda hjá eldri borgurum og bent á að a.m.k. tvö sveitarfélaög hafa felld alveg niður fasteignagjöld hjá þessum aldurshópi. Fram kom að bæði sveitarfélögin höfðu brugðist við því og hækkað viðmiðið eins og lagt var til í bréfinu. Samþykkt að senda ályktun fundarins varðandi þetta til sveitarstjórna og ósk um að sú ályktun bærist einnig nýjum sveitarstjórnunum.

Formaður las síðan svar við bréfi sem sent hafði verið Heilbrigðisstofnun Vesturlands eftir síðasta fund. Í svarbréfinu sem dagsett er 4. des. 2017 kemur fram að ekki er talin þörf á að bæta við stöðugildum í heimaþjónustu á okkar svæði, en komi til þess þá verði brugðist við því. HVE leggur til að haldnir verði reglulegir samráðsfundir milli sveitarfélaganna, Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar (Hólmavíkur) og HVE. Þjónustuhópur aldraðra sem starfaði fyrir nokkrum árum, starfar ekki lengur.

Ákveðið var að svara bréfi HVE og taka undir áhugaverðar hugmyndir sem þar koma fram en vísa þeim að öðru leyti til nýs öldungaráðs. Næst var rætt um húsnæði fyrir aldraða, þ.e.a.s. byggingu lítilla íbúða, gjarnan í tengslum við hjúkrunar- og dvalarheimili sem fyrir eru á svæðinu. Nokkrar umræður urðu um þetta mál og fram kom að bæði sveitarfélögin eru með áætlun um þannig íbúðir, þá jafnvel innan þeirra hjúkrunar- og dvalarheimila sem eru í rekstri á svæðinu.

Að lokum var samþykkt svohljóðandi ályktun, sem óskast vísað til næstu sveitarstjórna:

„Öldungaráð þakkar góð viðbrögð sveitarstjórna við bréfi Öldungaráðs frá nóvember 2017 um lækkun fasteignagjalda eldri borgara, en telur nauðsynlegt að hækka enn meira viðmiðunarmörk á tekjum ellilífeyrisþega til þess að þeir fái afslátt af fasteignagjöldum íbúðarhúsnæðis sem fólk á og býr í. Mörg sveitarfélög hafa verið að hækka þessi mörk sem hafa verið tiltölulega lág hingað til. Við bendum á t.d. að Hafnarfjörður hækkaði tekjumörkin 1. jan. s.l. um 30% og er nú miðað við að hjón

megi hafa allt að 6.405.500 kr í árstekjur til að njóta 100% afsláttar og einstaklingur má hafa allt að kr. 5.013.000 kr í árstekjur til að njóta 100% afsláttar af fasteignagjöldum. Með þessum aðgerðum telur bæjarstjórn Hafnarfjarðar að fleiri eldri borgurum sé gert kleift að búa lengur í eigin húsnæði en ella.

Íbúðir fyrir aldraða á okkar svæði eru af skörnum skammti. Við fögnum því að sveitarstjórnirnar hafi hug á byggingu íbúða fyrir aldraða í tengslum við Hjúkrunar-og dvalarheimilin sem eru starfandi á svæðinu og ítrekum fyrri tilmæli okkar þar um.

Þá viljum við ítreka þá kröfu til ríkis og sveitarfélaga að samþætta heimaþjónustu og heimahjúkrun, sem löngu er tímabært og vísun til þess að Reykjavíkurborg hefur verið með slíkt verkefni í gangi sem hefur reynst vel.“

Fundarmenn telja að Öldungaráð sé góður vettvangur til samráðs um málefni eldri borgara og hvetur til að nýtt öldungaráð verði skipað að loknum sveitarstjórnarkosningum í vor og starfi áfram með sama hætti. Jóna Valgerður þakkaði fundarmönnum góða mætingu á fundi og gott samstarf. Eins vill Öldungaráðið þakka sveitarstjórnunum gott samstarf og jákvæð viðbrögð við erindum ráðsins.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 14:45

Þrúður Kristjánsdóttir, fundarritari.